

**Íbúaráð Breiðholts 6. nóvember 2024: Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks um lagfæringar á tröppum við Seljaskóla MSS24110036**

Lagt er til að íbúaráð Breiðholts samþykki að beina því til umhverfis- og skipulagsráðs að ráðist verði í viðgerðir og endurbætur á steinsteyptum tröppum við norðanverðan Seljaskóla. Umræddar tröppur eru fyrir neðan Hnjúkasel og Kambasel og er hluti þeirra svo illa farinn að hættu stafar af, ekki síst þegar hálf myndast í þeim að vetrinum vegna frosts og snjóá. Einnig þarf að laga tröppur við sunnanverða skólalóðina. Lagt er til að snjóbræðslukerfi verði sett í umræddar tröppur eða a.m.k. hluta þeirra.